

Ed.

408. Nefndarálit

um frv. til laga um hámarkslaun.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta fer fram á að lögleiða það, að þeir, sem hafa yfir 8000 kr. í tekjur samtals af atvinnu og/eða eignum, skuli í þrjú ár láta af hendi allt það, sem er umfram 8000 kr., sem sérstakan skatt í rikissjóð. Samkvæmt fyrirsögn frv., efni þess og þeim rökum, sem reynt er að færa fyrir því í greinargerð og nál. meiri hlutans, er þó tilgangur frv. alls ekki sá, að ná inn skattgjaldi, heldur hitt, að koma í veg fyrir það, að nokkur maður afli sér meiri tekna en 8000 kr. Þó yrði fyrsta árið undantekning að þessu leyti, því að frv. fer fram á það, að taka af mönnum á yfirstandandi ári jafnmikla upphæð — auk allra venjulegra skatta — og þeir hafa haft umfram 8000 kr. í tekjur árið 1932, áður en hín fyrirhugaða lagasetning var orðuð.

Mótbára mín gegn þessu frv. er fyrst og fremst sú, að ég tel það fara tvi-mælalaust í bága við 63. gr. stjórnarskrárinnar, og eigi geta réttlætt af ákvæði 73. greinar hennar. Hér er farið fram á hreint og algerlegt eignarnám án endurgjalds á öllu því, sem gjaldþegni kann að aflast umfram 8000 kr. á einu ári. Það er ekki unnt að skoða þetta sem skattgjald, því að það er eðli skattgjalds, að skatturinn er ávallt að upphæð einungis nokkur hluti þess stofns (tekna eða eignar), sem skatturinn hvílir á. Sem skattstofn eftir þessu frv. verður einungis skoðaður sá hluti tekna, sem er umfram 8000 kr., og það þegar af þeirri ástæðu, að frv. leggur engan skatt á tekjur allt að þeirri upphæð. Og það, sem frv. nefnir „skatt í rikissjóð“, er því algert eignarnám, endurgjaldslaust, þvert ofan í 63. gr. stjkskr.

Upphæð sú, 8000 kr. á ári, sem samkv. frv. á að setja sem takmörk eignarnámsins að neðanverðu, er sjáanlega valin alveg af handahófi. Ef ákvæði frv. þætti samrýmanlegt 63. gr. stjórnarskrárinnar, sé ég ekki betur en að velja mætti hvaða aðra upphæð sem væri, t. d. 3000 kr. árstekjur. Og ef þetta má lögleiða í 3 ár, sé ég ekki, hvar í stjkskr. væri ákvæði til varnar gegn lögleiðingu þess fyrir fullt og allt. En það er auðsætt, að ef lögleiða mætti endurgjaldslaust eignarnám (konfiscation) á öllum tekjum niður að hvaða marki, sem löggjafanum sýnist hverju sinni, þá er ákvæði 63. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins gersamlega að engu orðið.

Frv. þetta fer því fram á að lögleiða með einföldum lögum nýtt þjóðskipulag, þar sem eignarrétturinn nýtur ekki lengur stjórnskipulegrar verndar. Efni þess er hreinn kommúnismi, aðeins gerð litilfjörleg og heldur klaufaleg tilraun til þess að dylja þetta með því að setja takmarkatölu eignarnámsins í fyrstu það háa, að meiri hluti landsmanna finni sig ekki snortinn af því. En tölunni mætti ávallt breyta, þegar þjóðfélagið væri komið á þann kommúnistagrundvöll, sem markaður er í frv.

Með því að ég þannig tel, að frv. fari í bága við stjórnarskrána og eigi þar af leiðandi samkvæmt þingsköpum ekki að koma til frekari meðferðar, finna ég ekki ástæðu til að fara frekar út í efni þess.

Alþingi, 12. apríl 1933.

Jón Þorláksson.